

## Skýrsla stjórnar

Allt frá stofnun félagsins árið 1992 hefur starfið verið fjölbreytt með markmið þess að leiðarljósi að vinna að auknum samskiptum Íslands og Grænlands. Félagið hefur staðið að fjölmörgum mynda- og fræðslukvöldum, staðið fyrir grænenskum dögum og stutt við samfélagsleg verkefni á Grænlandi, sérstaklega í þágu ungs fólks. Ótal ferðir hafa verið á hverju ári sem hafa glatt hug og hjörtu en starf félagsins er eingöngu unnið í sjálfböðastarfi sem margir hafa komið að, bæði einstaklingar og fyrirtæki.

Á hverju ári hafa verið ákveðin föst verkefni hjá félaginu en að auki hafa ýmis önnur verkefni ásamt ferðum bæst við eftir því sem þörf hefur verið á. Starfið raskaðist verulega yfir Covid árin og átti ekki síst þátt í því að Grænland var eitt lokaðasta land í heimi, þar var hreinlega skellt í lás. Fyrir vikið var ekki hægt að fara til landsins né börnin að koma til Íslands að læra að synda. Því var gripið til ýmissa ráða svo sum verkefni gætu haldið dampi. Að auki varð þetta til þess að aðalfundur félagsins féll niður árið 2020 og erum við hér því nokkrum árum seinna að halda aðalfund, þann fyrsta síðan 2019.

Í gegnum árin hafa Kalak og skáklúbburinn Hrókurinn unnið náið saman að ýmsum verkefnum og hefur skákin verið stór þáttur í starfinu á Grænlandi. Farnar hafa verið ótal ferðir til nánast hvers einasta þorps á Grænlandi þar sem kennd hefur verið skák, færðar gjafir, sett upp skákmót og taflsett verið skilin eftir að gjöf svo fjörið geti haldið áfram. Eftir að Hrókurinn var lagður niður hefur Kalak haldið starfinu ótrautt áfram. Að öðrum ólöstuðum þá hafa Stefán Herbertsson, Róbert Lagerman og Hrafn heitinn Jökulsson verið ötulastir í þessum ferðum sem að lang mestu leyti hafa verið á austurströnd Grænlands.

Þess ber að geta að nokkrir félagar hafa fallið frá á undanförunum misserum. Hrafn Jökulsson, einn okkar helsti liðsmaður í gegnum árin lést síðla árs 2022 og Sunna, dóttir Heiðbjartar, eins stjórnarmeðlims Kalak, lést fyrir skömmu fyrir aldur fram. Aðstandendum vottum við okkar dýpstu samúð.

Þau föstu, árlegu verkefni sem hefur verið haldið úti eru:

- páskaferð til Ittoqqortoormiit þar sem öllum börnum þorpsins eru færð páskaegg, sett upp skákmót og mikil gleði
- sundverkefni að hausti þar sem öll 11 ára börn (og síðar eldri) af austurströndinni (að undanskildu Tasiilaq) koma til Íslands í tvær vikur; læra að synda, ganga í skóla, kynna jafnöldrum sínum, fara í bíó, leikhús, hestaferð, strætóferðir, skoða Gullfoss og Geysi og margt fleira sem þau hafa aldrei áður

upplifað. Í lok heimsóknar þeirra til Íslands er þeim ávallt boðið til Bessastaða þar sem forseti Íslands tekur á móti þeim. Árið 2024 verður 17 árið sem þetta verkefni er við lýði og má búast við að afkomendur fyrstu barnanna fari að láta sjá sig.

- Í desember fer síðan Stekkjarstaur til Kulusuk þar sem öllum börnum þorpsins eru færðar jólagjafir. Þess ber að geta að ein aðal driffjöðrin bak við þessar jólagjafir er Heiðbjört Ingvadóttir sem hefur bæði búið til gjafir, keypt þær og kostað og jafnvel pakkað þeim öllum og komið út á flugvöll.
- Undanfarin ár hafa verið að bætast við önnur verkefni eins og t.d. svokölluð Polar Pelagic skákhátíð í Tasiilaq sem hefur verið unnin í samstarfi við Polar Pelagic fyrirtækið á Grænlandi.
- Í júní hefur Kalak undanfarin ár tekið þátt í samstarfsverkefni með dönskum kennurum, eftirlaunaþegum, þar sem settar hafa verið upp sumarbúðir í Tasiilaq fyrir börnin þar með ýmsum námskeiðum og leikjum.
- Nýjasta verkefnið er „skákkennslukennsla“. Róbert Lagerman hefur verið hrókurinn í því verkefni þar sem farið er til allra þorpa á austurströndinni og kennurum kennt að kenna skák og setja upp skákmót. Með þessu er verið að gera þau sjálfbærari varðandi skákina en Kalak mun áfram aðstoða við ýmislegt í tengslum við skák. Markmiðið er að sjálfsögðu að koma á stærri mótum í landinu, koma upp skákmeisturum í landinu sem keppt geta á alþjóðlegum mótum.

## 2023

Upp úr Covid árunum fór starfið að komast í sinn fyrri farveg og var árið í fyrra hlaðið ýmsum verkefnum:

- Fríður hópur fór um páskana til Ittoqqortoormiit
- Og þátttaka var í sumarnámskeiðinu í Tasiilaq
- Sundverkefnið var vel heppnað að venju
- Og Stekkjarstaur fór til Kulusuk
- Um haustið var haldið minningarskákmót um Hrafn Jökulsson dagana 27.-29. október í Nuuk og í nóvember var annað minningarmót haldið í Kulusuk
- Í nóvember fóru Stefán og Róbert í skákkennslukennsluferð til þriggja þorpa á austurströndinni

## 2024

Framundan eru ýmis verkefni hjá félaginu.

- Fyrirhugað er að Róbert og Stefán fari nú í febrúar á austurströndina og haldi áfram þar sem frá var horfið varðandi skákkennslukennslu.
- Páskaferð til Ittoqqortoormiit verður á sínum stað
- Og hugmyndir eru um sumarnámskeið í Kummiut. Þetta verkefni er að sömu eða svipaðri fyrirmynd og sumarnámskeiðið í Tasillaq nema að þarna mun Kalak sjá alfarið um hlutina. Það er því verið að útfæra þessa hugmynd til fleiri staða.
- Sundverkefnið verður um haustið en það hefur verið að miklu leyti í samstarfi við Kópavogsbæ sem útvegar skólan fyrir börnin, kennsluna, sundkennsluna o.m.fl. sem viðkemur verkefninu.
- Að lokum fer svo Stekkjarstaur að venju með gjafir til Kulusuk
- Fleiri verkefni eiga eflaust eftir að detta inn.

### Endurkomuverkefnið – stórhuga verkefni

Í tengslum við sundverkefnið hafa verið uppi hugmyndir um framhald af komu barnanna til landsins. Að lokinni sundferðinni fara börnin aftur til síns heima og tengslin að mörgu leyti rofna.

Því hafa verið uppi hugmyndir um að bjóða þeim í lok grunnskóla aftur til landsins sem vilja og kynna fyrir þeim framhaldsskólakerfið á Íslandi. Þetta væri liður í því að veita þeim innsýn í fleiri tækifæri að loknum grunnskóla en þessi börn hafa ekki mörg tækifæri út frá heimabæ sínum. Þetta yrði stórt og viðamikilið verkefni og því yrði það unnið í samstarfi með menntamálayfirvöldum, skólayfirvöldum og fleiri aðilum sem gætu þurft að koma að þessu.

Eftir nokkra lægð í starfinu yfir Covid árin hefur félagið náð aftur vopnum sínum og stefnir að öfluggu starfi á komandi árum. Framundan er því fjör og ferðir og tengsl landanna eflað sem fyrr.

Allir geta orðið félagar í KALAK, tekið þátt í starfi félagsins og stutt einstök verkefni. Þess má geta að félagið heldur úti vefsíðu, Kalak.is og Facebook síðu; KALAK, Vinafélag Íslands og Grænlands þar sem hægt er að fylgjast með starfinu og jafnvel setja inn efni sem tengist okkar næstu nágrönnum.